

# D Ó M U R

**Héraðsdóms Reykjavíkur 11. desember 2018 í máli nr. S-99/2018:**

**Ákærvaldið**

*(Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari)*

**gegn**

**X**

*(Katrín Theodórsdóttir lögmaður)*

## I

Mál þetta, sem dómtekið var 16. nóvember síðastliðinn, var höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 19. febrúar síðastliðinn, „á hendur X, kt. 000000-0000, [...] ríkisborgara með óþekktan dvalarstað, fyrir nauðgun, með því að hafa, aðfaranótt laugardagsins 14. febrúar 2016, á salerni á veitingastaðnum Hressó að Austurstræti 20 í Reykjavík, haft samræði við A, gegn hennar vilja með því að beita hana ofbeldi og notfæra sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum vegna ástands hennar sökum áhrifa áfengis, fíkniefna og lyfja, með þeim afleiðingum að A hlaut marbletti hægra og vinstra megin á hálsi, roðabletti ofarlega á baki, aftan á upphandleggjum og framan á hægra læri, sár aftan á hægri upphandlegg og hægri olnboga og klórfar á hægri framhandlegg, þreifieymsli á gagnaugum, aftan á upphandleggjum, úlnliðum, aftan á baki neðst, í hægri síðu og yfir lífbeini.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

*Einkaréttarkrafa:*

Af hálfu A, kennitala 000000-0000, er gerð krafa um að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 2.500.000 ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 14. febrúar 2016 til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því bótakrafa var kynnt fyrir ákærða en með dráttarvöxtum eftir þann dag samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Einnig er gerð krafa um að ákærði verði dæmdur til að greiða A skaðabætur á grundvelli I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna þess tjón sem hún varð fyrir í árásinni, en til vara er þess krafist að dómari dæmi sérstaklega um

bótaskyldu og víki kröfunni um bótafjárhæð til meðferðar í sérstöku einkamáli. Í öllum tilvikum er gerð krafa um þóknun við réttargæslu úr hendi ákærða samkvæmt mati réttarins eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflytninguþóknun.“

Við aðalmeðferð féll brotaþoli frá öðrum kröfum en miskabótakröfunni. Þá var krafist þóknunar til handa réttargæslumönnum brotaþola.

Ákærði neitar sök og krefst sýknu en til vara vægustu refsingar. Hann krefst þess aðallega að bótakröfunni verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð. Þá er þess krafist að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

## II

Málavextir eru þeir að síðdegis sunnudaginn 14. febrúar 2016 var lögreglan kvödd á Neyðarmóttökuna. Þangað hafði brotaþoli leitað og skýrði hún frá því að nóttina áður hefði hún verið á nefndum skemmtistað ásamt þrem vinkonum sínum. Þær hefðu hitt þar þrjá eða fjóra útlenda menn og hefði ákærði verið einn þeirra. Brotaþoli kvaðst hafa orðið sljó og máttvana án þess að hafa drukkið mikið áfengi. Hún kvaðst hafa farið á salernið og hefði ákærði komið þangað inn. Það næsta sem hún mundi var að vinkonur hennar voru að draga ákærða ofan af henni en hann hefði verið að hafa samfarir við hana. Hún kvaðst hafa verið með buxurnar á hælunum. Daginn eftir var tekin skýrsla af brotaþola þar sem hún lýsti nánar ferðum sínum, áfengisdrykkju og samskiptunum við ákærða og féлага hans.

Læknir skoðaði brotaþola á Neyðarmóttökunni og í vottorði hennar er haft eftir brotaþola að hún hafi drukkið „einn bjór um kvöldið áður en hún fór niður í bæ og 2 bjóra á Hressó. Fann skyndilega mikið á sér eftir seinni bjórinum og segist muna gloppótt eftir það. Maður var þarna og gaf sig á tal við þær. Fór á salernið og maðurinn kom líka. Man næst þar sem vinkonur hennar eru að rífa manninn af henni. Hún lá þá á klósettgólfinu með nærbuxur á hælunum. Hún stóð upp og fór út og vinkonur komu með henni. Vinur vinkonu keyrði hana heim. Hún sofnaði þegar heim kom. Þegar hún vaknaði í morgun var hún aum neðst í baki og í klofi. Talaði þá við vinkonur sínar sem sögðu henni hvað gerst hafði. Segir móður og föður frá og kemur með móður á nmt.“ Í vottorðinu segir að brotaþoli hafi ekki munað nákvæmlega hvað gerðist, en frásögnin sé skýr af því sem hún muni og jafnframt trúverðug. Læknirinn lýsir brotaþola svo að hún sé eirðarlaus og með vöðvaspennu. Hún er með marbletti á hálsi, bæði hægra og vinstra megin. „Einnig með roðablett ofarlega á baki og aftan á upphandleggjum og framan á hægra læri. Sár aftan á hægri upphandlegg og hægri olnboga og klór á hægri framhandlegg. Þreifiefymsli á

gagnaugum, aftan á upphandleggjum, úlnliðum og aftan á baki neðst og í hægri síðu.“ Í vottorðinu segir að áverkarnir séu nýlegir og geti komið heim og saman við atburði næturinnar. Tekin voru blóð- og þvagsýni frá brotaþola til alkóhól- og eiturefnarannsóknna.

Í móttökuskýrslu hjúkrunarfræðings er haft eftir brotaþola að hún hefði farið niður í bæ með vinkonum sínum. Á nefndum skemmtistað hefðu þær hitt ákærða og félag hans. Brotaþoli kvaðst lítið hafa drukkið, einn bjór áður en hún fór í bæinn og tvo bjóra á skemmtistaðnum, en hún kvaðst hafa fundið mikið á sér af seinni bjórnum. Síðan segir: „Hún gengur inn á klósett og sér hann tilsyndar að vera að fara á eftir henni á klósettið. Svo man hún ekki meira fyrir en vinkonur hennar eru að rífa meintan geranda ofan af henni. Tekur þá eftir því að hún er ekki í buxunum og með nærbuxurnar á hælunum. Girðir uppum sig og fer í buxurnar. Fer út af veitingastaðnum og vinkonur hennar fóru með henni. Man óljóst eftir því að þær töluðu við meintan geranda. Fékk far með vini vinkonu hennar og keyrði hann þær heim. Fór upp í sófa og sofnaði. Vaknaði í morgun kl. 08 og fór að skoða símann sinn. Fann fyrir verkjum í öllum líkamanum, illt í klofinu og haltraði. Hringdi í vinkonur sínar sem sögðu henni hvað hafði gerst. Þá ákvað hún að fara á Neyðarmóttökuna.“

Í sýnishornum, sem tekin voru frá brotaþola, fundust sæðissýni. Tekin voru lífsýni frá ákærða og þau rannsökuð og borin saman við sýnin frá brotaþola. Niðurstöður rannsóknarinnar voru að sæðissýnin stöfuðu frá ákærða.

Ákærða var tekið blóðsýni til rannsókna. Niðurstaða rannsóknarinnar sýndi að ekki var alkóhól í sýninu og heldur ekki lyf eða ávana- og fíkniefni.

Rannsókn á þvagsýni frá brotaþola sýndi að í því var Tetrahýdrókannabínólsýra, Gabapentín og umbrotsefni Benzódíazpínsambanda. Í blóðsýni frá henni mældist 0,8 ng/ml Tetrahýdrókannabínól. Alkóhól var ekki í mælanlegu magni og heldur ekki Gabapentín. Hið sama á við um Benzódíazpínsambönd.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu 15. febrúar 2016 og kvaðst ekki muna eftir að hafa haft samfarir við brotaþola og heldur ekki að hafa farið með henni inn á klósett.

Meðal gagna málsins eru vottorð tveggja sálfræðinga. Niðurstöður þeirra eru samhljóða um að brotaþoli hafi þjást af áfallastreituröskun í kjölfar meintrar nauðgunar. Einnig hafi hún átt við kvíða og þunglyndi að stríða. Þá er lýst því hvernig hún forðist ákveðna staði og hafi leitað meir en áður í vímugjafa. Björtu hliðarnar séu hins vegar þær að brotaþoli hafi sóst eftir sálfræðimeðferð. Hún hafi tileinkað sér áfallamiðaðar aðferðir til að vinna úr áfallinu. Ekki sé hægt að segja fyrir um batahorfur en ljóst sé að atburðurinn hefur haft alvarleg áhrif á líf

brotapola.

### III

Ákærði kvaðst hafa farið á skemmtistað ásamt þremur félögum sínum í tilefni af afmæli sínu. Á borði fyrir aftan þá hefðu setið þrjár stúlkur. Brotapoli hefði komið til þeirra félaga. Ákærði kvað sig og brotapolu hafa setið saman og þau hefðu strax farið að kyssast. Af og til hefðu þau staðið upp og farið að dansa. Hin öll hefðu verið að spjalla saman. Um klukkan eitt eða hálf tvö hefði brotapoli beðið sig að koma og hefðu þau farið í áttina að klósettunum. Þar hefði verið röð og meðan þau biðu hefðu þau verið að kyssast. Svo hefði losnað eitt klósett og hefðu þau farið saman inn og hefði það verið vilji beggja. Þegar þau voru þar inni hefði einhver komið inn og þá hefðu þau farið út. Þá hefði brotapoli og hinar stúlkurnar viljað fara og hefðu þær farið. Ákærði kvað sig og félaga sína hafa verið á staðnum þar til honum var lokað. Ákærði kvaðst hafa farið heim en skömmu síðar hefði lögreglan komið, handtekið hann og flutt á lögreglustöð til yfirheyrslu.

Ákærði kvaðst hafa haft samfarir við brotapolu á klósettinu og hefði brotapoli verið samþykkt því. Ákærði lýsti því nánar að þau hefðu verið að kyssast þegar inn á klósettið var komið og það hefði svo endað með kynlífi. Þau hefðu byrjað á því að snerta hvort annað, farið úr fötum að neðan og hefði hann haft samfarir við brotapolu um leggöng. Brotapoli hefði tekið þátt í kynlífinu og ekki beðið hann um að hætta. Ákærða kvað sér hafa orðið sáðfall en svo hefði einhver komið inn á klósettið og þá hefðu þau staðið upp, klætt sig og farið. Ákærði kvaðst hafa farið til félaga sinna og hefðu þeir verið áfram á staðnum. Stúlkurnar hefðu farið af staðnum. Ákærði kvað brotapolu hafa verið ánægða. Hún hefði ekki verið mjög drukkin.

Ákærði kvaðst ekki vita hvort það hafi verið karl eða kona sem kom inn á klósettið en þau hefðu þá verið að ljúka samförunum. Hann kvað viðkomandi ekkert hafa sagt. Ákærði ítrekaði að engu ofbeldi hefði verið beitt og engin vandræði, eins og hann orðaði það. Þá kvað hann ekkert óeðlilegt hafa verið við brotapolu eða hegðun hennar. Hún hefði verið alveg eðlileg þegar hún kvaddi hann. Hann kvað hana hafa neytt áfengis en ekki gat hann upplýst hversu mikið hún drakk. Þá kvaðst hann ekki hafa séð hana neyta lyfja. Ákærði kvaðst hafa drukkið áfengi en hvorki neytt lyfja né fíkniefna. Þá kvaðst hann hafa sagt einum félaga sinna að hann hefði haft samfarir við brotapolu.

Ákærða var bent á að brotapoli hefði borið áverka er hún hefði komið á Neyðarmóttökuna. Hann kvað gólfið á klósettinu hafa verið steingólf en hann hefði ekki meitt brotapolu.

Ákærði kvaðst hafa farið úr landi í júlí 2016 vegna þess að hann væri saklaus og eins hefði komið til misskilningur þegar túlkad var fyrir hann úr og á sænsku. Hann hefði talið að hann væri frjálst að því að fara enda hefði enginn haft samband við sig. Lögreglan hefði getað sent honum tölvupóst. Ákærða var bent á að hjá lögreglu hefði hann borið við minnisleysi og ekki kannast við að hafa haft samfarir við brotþola. Hann var spurður af hverju hann bæri nú á annan veg. Hann kvaðst ekki hafa neitað að hafa haft samfarir við brotþola en verjandinn hefði sagt sér að játa ekki ef hann myndi ekki eftir því. Þá benti hann á að túlkurinn hefði túlkad þetta svona. Sjálfur hefði hann verið í vafa um hvað hann hefði gert.

Brotþoli kvaðst hafa farið út að skemmta sér með vinkonum sínum. Hún kvaðst hafa drukkið þrjá bjóra þetta kvöld. Kvöldið áður hefði hún reykt gras en annarra efna eða lyfja hefði hún ekki neytt. Þær hefðu farið á skemmtistaðinn, sem í ákæru getur. Þar hefðu verið þrír menn en hún kvaðst ekki mikið hafa rætt við þá en þeir hefðu þó spurt hana að nafni. Í framhaldinu hefðu þau rætt eitthvað lítillaga saman. Hún kvaðst svo hafa farið á klósettið og hitt þar aðra vinstúlku. Þegar hún kom til baka kvaðst hún hafa drukkið það sem hún hefði átt eftir af bjór. Eftir þetta kvaðst hún eins og hafa farið að detta út, eins og hún orðaði það. Til nánari skýringar kvaðst hún hafa dottið á borðið og átt erfitt með gang. Nú hafi liðið um 20-30 mínútur og hefði hún þá farið aftur á klósettið og hefði ákærði elt sig. Hún kvaðst fyrst ekki hafa tekið eftir þessu en hann hefði allt í einu verið kominn. Hún kvað hann hafa reynt að kyssa sig en hún hefði ýtt honum frá, enda engan áhuga haft á að vera með honum. Brotþoli kvaðst hafa pissað og það næsta sem hún viti er að hún hafi ekki verið í buxum og legið á gólfinu með nærbuxurnar á hælunum. Þá hafi hún heyrt vinstúlkur sínar kalla eitthvað. Þær hefðu svo ýtt við henni og tekið ákærða af henni. Hún kvaðst hafa sagt þeim að hún vildi bara fara heim og það hefði hún gert og farið að sofa. Þær hefðu hjálpað henni í buxurnar. Þegar hún vaknaði kvaðst brotþoli hafa fengið símtal frá vinkonu sinni sem hefði sagt „þér var nauðgað í gær“. Þar sem brotþoli kvaðst ekki hafa vitað hvað hafði gerst hefði hún farið á Neyðarmóttökuna og síðan gefið skýrslu.

Brotþoli kvaðst lítið muna eftir þessu kvöldi og kannaðist ekki við að hafa verið að kyssa ákærða áður en hún fór á klósettið. Hún kvaðst muna eftir að ákærði hefði verið að kyssa hana á klósettinu og eins eftir að hafa legið á gólfinu. Þá gat hún lýst því hvernig hún hefði legið og hvar vaskur og salernisskál eru. Brotþoli kvaðst muna eftir að ákærði hafði samfarir við hana um leggöng en hún kvaðst ekki muna eftir hvernig hún fór úr buxunum. Hún kvaðst ekki muna hvort ákærða hefði orðið sáðlát. Hún kvað vinstúlkur sínar hafa spurt sig hvað hefði gerst en hún hefði ekki getað svarað því. Þá kvaðst hún hafa átt erfitt með gang enda aum í klofinu. Brotþola voru sýndar myndir sem teknar voru á skemmtistaðnum umrætt kvöld og

sýna ákærða og félaga hans. Hún þekkti ákærða á myndunum. Á einni mynd sést kona með höfuð við höfuð ákærða eins og þau séu að kyssast. Hún kvaðst ekki þekkja sig sem konuna.

Vinkona brotþola kvaðst hafa hitt hana á skemmtistaðnum. Brotþoli hefði setið við borð með útlendum mönnum. Vinkonan kvaðst hafa reynt að nálgast brotþola en mennirnir hefðu viljað koma henni í burtu. Næst kvaðst hún muna eftir að hafa gengið inn á klósett og hefði þá brotþoli legið á gólfinu í engu að neðan og einhver maður hefði verið að hafa samfarir við hana. Hann hefði verið á hnjúnum ofan á brotþola og verið ber að neðan. Brotþoli hefði legið á gólfinu og verið eins og hún væri meðvitundarlaus. Brotþoli hefði verið með lokuð augu. Vinkonan kvað brotþola hafa verið eins og mjög drukkna eða lyfjaða. Hún kvaðst ekki áður hafa séð hana í svona ástandi. Önnur vinkona hefði öskrað en sjálf kvaðst hún hafa „panikkað“ og farið. Hún hefði síðan farið út af staðnum. Hún kvaðst ekki hafa séð ákærða og brotþola kyssast á skemmtistaðnum.

Önnur vinkona brotþola bar að hafa verið á skemmtistaðnum með brotþola og annarri vinkonu þeirra. Þær hefðu hitt þrjá menn og spjallað við þá en ekki hefði brotþoli verið í sérstökum samskiptum við einn þeirra frekar en annan. Brotþoli hefði farið ein á klósettið. Skömmu síðar hefði ákærði staðið upp og farið. Henni hefði fundist líða langur tími og farið að athuga málið. Þá hefði einhver sagt að ákærði og brotþoli hefðu farið saman inn á klósettið. Vinkonan kvaðst hafa farið og bankað en ekki fengið svar. Hún hefði brotist inn á klósettið og þá séð ákærða ofan á brotþola. Vinkonan kvað ákærða hafa verið beran að neðan en ekki mundi hún hvernig brotþoli var klædd. Brotþoli hefði legið á gólfinu og ákærði ofan á henni og verið að hafa við hana samfarir. Ákærði hefði haldið brotþola með höndunum en ekki gat hún lýst því nánar. Hún kvaðst hafa slitið þau í sundur, eins og hún orðaði það. Hún kvaðst svo hafa sagt brotþola að koma og farið með hana þegar hún var búin að girða sig. Ákærði hefði ekkert sagt en girt sig og farið. Hún kvað þær ekki hafa rætt hvað hefði gerst fyrr en daginn eftir, en þá hefði brotþoli sagt að sér hefði verið nauðgað og að hún væri með áverka. Það hefði komið skýrt fram hjá brotþola að þetta hefði verið eitthvað sem hún hefði ekki viljað.

Hún kvað brotþola hafa litið út fyrir að vera mikið ölvuð en vinkonan kvaðst vita að hún hefði ekki drukkið mikið. Ástand brotþola hefði því ekki verið í samræmi við drykkju hennar. Vinkonan var spurð hvort ákærði og brotþoli hefðu verið að kyssast og kvaðst hún ekki muna það. Henni var bent á framburð hennar hjá lögreglu um að þau hefðu verið að kyssast og kvað hún það þá geta verið.

Þriðja vinkonan kvaðst hafa verið með brotþola og annarri vinkonu á skemmtistaðnum. Hún kvað útlenda menn hafa komið og viljað spjalla við þær en þær hefðu ekki viljað það. Vinkonan kvaðst hafa ætlað að fara heim og hefði

brotapoli, þegar hér var komið sögu, verið mjög drukkin. Vinkonan kvaðst hafa spurt brotþola hvað væri í gangi en hún ekki sagst vita það, enda bara búin að drekka tvo bjóra. Vinkonan kvaðst skömmu síðar hafa farið heim og ekki farið inn á klósettið. Það sem hún vissi um málið hefði henni verið sagt síðar. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við að eitthvað hefði verið sett í glas brotþola. Hún þekkti brotþola vera kyssa mann á mynd sem tekin var á skemmtistaðnum.

Einn af félögum ákærða sem var með honum á skemmtistaðnum bar að þeir hefðu hitt nokkrar konur þar. Þeir hefðu setið í reykingasvæðinu og hefðu konurnar komið þangað. Þau hefðu verið að spjalla, reykja og drekka bjór. Hann kvað ekkert markvert hafa gerst. Félaginn kannaðist við að ákærði kynni að hafa vikið sér frá í stutta stund. Þá kvað hann konurnar hafa verið að koma og fara. Hann var spurður hvort hann hefði tekið eftir því hvort einhver konan hefði verið áberandi ölvuð og hann svaraði og allir hefðu verið að drekka of mikið. Hann kvað ákærða ekki hafa sagt sér að hann hefði stundað kynlíf með einni af konunum. Þá hefði hann ekki séð efni sett í glas einhvers. Hann kvað eina konuna hafa kysst ákærða og kvað hann þetta hafa litið út eins og þau hefðu þekkt lengi. Þessi tvö hefðu farið frá borðinu til að dansa og kaupa sér drykki.

Annar félagi ákærða, sem var með honum á skemmtistaðnum, bar að þar hefði hann tekið myndir af þeim félögum, en ekki myndir af stúlkunum. Hann kvað ákærða hafa sagt sér síðar að eitthvað kynferðislegt hefði gerst milli sín og stúlku, það er að þau höfðu haft samfarir á klósettinu. Þarna á skemmtistaðnum voru stúlkur og var ákærði að kyssa eina þeirra. Hún var ánægð með það. Þau höfðu setið saman en hann kvaðst ekki muna til þess að þau hefðu farið saman í burtu. Þá kvað hann stúlkuna hafa verið eðlilega, það er ekki mjög ölvaða.

Læknir, sem skoðaði brotþola á Neyðarmóttökunni, staðfesti framangreint vottorð sitt. Hún kvaðst ekki sérstaklega muna eftir brotþola. Hún kvað áverka brotþola geta samrýmst frásögn hennar.

Hjúkrunarfræðingur á Neyðarmóttöku kvað brotþola hafa verið trúverðuga og getað gefið góða frásögn. Þá hefði brotþoli sagst hafa drukkið lítið. Hún hefði getað borið um að ákærði hefði elt hana inn á klósett en ekki hafa munað eftir meiru. Næst hefði hún munað eftir að vinkona hennar hefði verið að draga ákærða ofan af henni. Brotþoli hefði óskað eftir að atvikið yrði tilkynnt til lögreglu. Hjúkrunarfræðingurinn staðfesti að hafa tekið myndir af brotþola á Neyðarmóttökunni og eins að hafa ritað móttökuskýrslu.

Sálfræðingur, sem ritar framangreint vottorð, staðfesti það. Hún kvaðst hafa greint brotþola með áfallastreituröskun. Sálfræðingurinn kvað brotþola hafa sýnt ýmis einkenni forðunar eins og að auka neyslu vímuefna. Þá kvað hún brotþola munu þurfa að lifa með þessari reynslu það sem eftir er.

Annar sálfræðingur, sem einnig hefur haft brotaþola til meðferðar, staðfesti vottorð sitt sem að framan var rakið. Hann kvað brotaþola hafa óskað eftir sálfræðiviðtali og eitt af því fyrsta sem hún nefndi var atburður sá sem hér er fjallað um. Þá kvað hann hana hafa uppfyllt skilyrði fyrir áfallastreituröskun og hefði hún fengið meðferð í samræmi við það. Hún hefði síðan farið í meðferð hjá fyrrnefndum sálfræðingi. Sálfræðingurinn kvað brotaþola hafa lýst því sem gerðist þetta kvöld þannig að hún hefði verið á reykingasvæði skemmtistaðarins. Þar hefði hún séð mann sem henni hefði fundist grunsamlegur. Næsta sem hún sagðist muna var að hún hefði legið á bakinu á gólfi baðherbergis og maðurinn hefði verið að nauðga henni. Vinkonur hennar hefðu verið að rífa hann af henni. Sálfræðingurinn kvað þetta sitja fast í brotaþola og valda henni vanlíðan.

Deildarstjóri rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði staðfesti gögn frá stofunni sem að framan var gerð grein fyrir. Hún kvað lyfið Gabapentín, sem fannst í þvagsýni frá brotaþola, vera notað við flogaveiki og taugaverkjum. Benzodíazpín er róandi lyf. Þá kvað hún Tetrahýdrókannbínól hafi verið í mjög litlu magni í blóðsýni úr brotaþola en það geti tekið margar klukkustundir að hverfa úr blóði. Hvorki sé hægt að reikna til baka neyslu lyfja og fíkniefna á sama hátt og hægt er með áfengi.

Sérfræðingur lögreglunnar staðfesti gögn er hann vann og að framan var gerð grein fyrir. Hann staðfesti að sæðisfrumur hefðu verið í sýnum sem tekin voru úr brotaþola á Neyðarmóttökunni. Eins hefðu verið sæðisfrumur verið í nærbuxum brotaþola. Þessi gögn hefðu verið send til Svíþjóðar til DNA rannsóknar. Niðurstöðurnar hefðu verið að sæði í gögnunum hefði verið frá ákærða.

#### IV

Ákærði játaði við aðalmeðferð að hafa haft samfarir við brotaþola á salerni veitingastaðar þess sem í ákæru greinir og á þeim tíma sem þar greinir. Hjá lögreglu hafði ákærði sagt að hann myndi ekki eftir samförum við brotaþola, eins og rakið var. Þá var og gerð grein fyrir skýringum hans á því af hverju hann hafði borið á þennan hátt hjá lögreglu. Játning ákærða á samförum við brotaþola styðst við önnur gögn málsins, það er framburð vitna og niðurstöður DNA rannsóknar, sem rakin hafa verið. Ákærði hefur haldið því fram að samfarirnar hafi verið með samþykki brotaþola en hún ber á annan veg, eins og rakið var.

Ákærða er gefið að sök að hafa haft samræði við brotaþola gegn vilja hennar með því að beita hana ofbeldi og notfæra sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum vegna ástands hennar, eins og nánar er lýst í ákærunni. Brotaþoli hefur frá upphafi borið að hún hafi „dottið út“ og muna mest lítið eftir sér, eins og rakið var. Hér að framan var rakinn framburður brotaþola um neyslu hennar á

áfengi og grasi kvöldið áður og um nóttina. Þá var einnig gerð grein fyrir framburði vinkvenna brotaþola en þær báru allar um að ástand hennar hefði ekki verið í samræmi við áfengisneyslu hennar þetta kvöld. Ein vinkvennanna lýsir því að brotaþoli hafi verið eins og meðvitundarlaus á salernisgólfinu þegar hún kom að og önnur lýsti því hvernig ákærði hefði haldið brotaþola. Brotaþoli sagði henni frá því daginn eftir að þetta hefði verið eitthvað sem hún hefði ekki viljað og að henni hefði verið nauðgað. Þá lýsti brotaþoli atvikum á sama hátt á Neyðarmóttökunni, eins og rakið var hér að framan.

Það er mat dómsins að brotaþoli hafi gefið trúverðuga skýrslu fyrir dómi. Skýrsla hennar var í meginatriðum í samræmi við það er hún hafði áður borið hjá lögreglu. Á sama hátt skýrði hún öðrum frá atvikum málsins, bæði vinkonum sínum og eins á Neyðarmóttökunni. Framburður ákærða er á hinn bóginn ekki trúverðugur. Hann bar í upphafi hjá lögreglu að hann myndi ekki hvort hann hefði haft samræði við brotaþola eða ekki. Fyrir dómi kannaðist hann hins vegar við samfarirnar og kvað þær hafa verið með samþykki brotaþola, eins og rakið var. Þá er til þess að líta að ákærði hefur samfarir við brotaþola þar sem hún liggur á steingólfi á salerni veitingastaðarins. Þetta gerist skömmu eftir að þau höfðu sést í fyrsta skipti og bar brotaþoli áverka eftir samfarirnar eins og rakið var.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er það niðurstaða dómsins að leggja til grundvallar staðfastan framburð brotaþola sem studdur er öðrum sönnunargögnum sem grein hefur verið gerð fyrir. Ákærði verður því sakfelldur fyrir nauðgun, eins og hann er ákærður fyrir og er brot hans rétt fært til refsíákvæðis í ákærinni.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur honum ekki áður verið refsað. Refsing hans er hæfilega ákveðin fangelsi í tvö og hálf ár. Til frádráttar skal koma gæsluvarðhaldsvist hans eins og í dómsorði greinir.

Miskabætur til brotaþola eru hæfilega ákveðnar 1.500.000 krónur. Krafan skal bera vexti eins og í dómsorði greinir. Það athugast að ákærða var birt bótakrafan við þingfestingu 4. október síðastliðinn og skal krafan bera dráttarvexti frá þeim degi er liðnir eru 30 dagar frá þingfestingu.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða sakarkostnað eins og í dómsorði greinir. Einnig skal hann greiða málsvarnarlaun verjanda síns, þóknun verjanda síns á rannsóknarstigi, þóknun réttargæslumanns brotaþola og fyrri réttargæslumanns hennar. Laun og þóknunir eru ákveðin með virðisaukaskatti í dómsorði.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kveður upp dóminn.

**D ó m s o r ð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö og hálf ár en til frádráttar skal koma gæsluvarðhaldsvist hans frá 18. september 2018.

Ákærði greiði A 1.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 14. febrúar 2016 til 4. nóvember 2018 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 942.632 krónur í sakarkostnað, málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Katrínar Theodórsdóttur lögmanns, 948.600 krónur, þóknun fyrri verjanda síns, Bjarna Haukssonar lögmanns, 421.600 krónur, þóknun réttargæslumanns brotaþola, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 252.960 krónur og þóknun fyrri réttargæslumanns brotaþola, Sigrúnar Jóhannsdóttur lögmanns, 274.040 krónur.

Arngrímur Ísberg